

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2002.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2002 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2002, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,79%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2002 verður því 38,54%.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla“, v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla“, v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að staðsetja taðþró utan við byggingarreit.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. desember 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ólafsfjarðarbæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.